

Úrskurðarnefnd í umhverfis- og auðlindamálum,
Skuggasundi 3,
101 Reykjavík.
uua@uua.is

Höfn í Hornafirði, 21. október 2019.

Efni: Kærð ákvörðun byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar frá 21. október 2019 varðandi byggingu á lóðinni Stafafellsfjöll 11.

Ég undirritaður, Sveinbjörn Imsland, kt. 170462-4249, Fiskhóli 11, Hornafirði, kæri hér með til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ákvörðun þá sem kynnt er með bréfi byggingarfulltrúans til undirritaðs, dags. 21. október 2019 og varðar mannvirki á lóðinni Stafafellsfjöllum 11, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Kröfur mínar eru eftirfarandi:

- Að felld verði úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans um að fjarlægja mannvirki á nefndri lóð.
- Að felld verði úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans um að leggja á dagsektir.
- Að kæra þessi verði látin fresta réttaráhrifum ákvarðana byggingarfulltrúans um fjarlægingu mannvirkis og innheimtu dagsekta.

Málavextir eru þeir að leigutakar lóðarinnar að Stafafellsfjöllum 10 hafa um nokkurra ára skeið amast við byggingum á lóð undirritaðs að Stafafellsfjöllum 11 og att sveitarfélaginu til aðgerða í því efni.

Með ákvörðun sveitarfélagsins frá 2. mars 2011 var ákveðið að umrædd bygging mætti standa, m.ö.o. hafnað kröfum nágrenns um að byggingin yrði fjarlægð.

Núverandi byggingarfulltrúi, Bartek Skrzypkowski, hefur hins vegar lagt á dagsektir og nú skrifað bréf þar sem hótað er að mannvirkið verði fjarlægð.

Undirritaður telur sig vera í fullum rétti með að láta bygginguna standa.

Rökstuðningur:

Í fyrsta lagi verður að telja að bréf byggingarfulltrúa nái ekki máli sem formleg ákvörðun um fjarlægingu mannvirkis. Í bréfinu er hvergi notað orðið „ákvörðun“ (eða „úrskurður“ eða sambærilegt). Algerlega er óljóst hvert efni bréfsins er, þar er talað í belg og biðu um marga hluti í einu, skil á hönnunargögnum, dagsektir, tilkynnt að mannvirkið verði fjarlægð og þess krafist að mannvirkið verði fjarlægð eða flutt. Í lokin er persónuleg hvatning frá Bartek þessum um að virða ákvörðun frá í fyrra sem ekki kemur fram hver er.

Þetta er ekki formlega tæk afgreiðsla. Mér er ekki ljóst hvert efni bréfsins er.

Í öðru lagi er byggt á því að þar sem að sveitarfélagið hefur þegar með ákvörðun sinni frá árinu 2011, tekið bindandi og óafturkræfa ákvörðun um að mannvirkið megi standa, - þá séu ákvarðanir nú um dagsektir og niðurrif húss á kostnað eiganda ólögð.

Í þriðja lagi er byggt á því að vegna jafnræðisreglu séu dagsektir og niðurrif gagnvart mér ólöglegt. Á lóðum í Stafafellsfjöllum hafa mannvirki risið og verið frjálsglega með farið gagnvart lóðarmörkum og þ.u.l. Á það við um fjölda lóða á svæðinu, ekki bara mitt mannvirki og mína lóð.

Varðandi kærueimild er vísað til þess sem um hana kemur fram í bréfi byggingarfulltrúans.


Meðfylgjandi sendast eftirtalin gögn:

- Bréf byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar dags. 21. október 2019.
- Fundargerð Umhverfis- og skipulagsnefndar – 10
- Bústaður á lóð nr.11 sem krafist er að verði rifinn.
- Umrædd fjarlægð frá lóðarmörkum
- Afstöðumynd bústaða 10 og 11

Ég mun leita til Gísla M. Auðbergssonar hæstaréttarlögmanns og fela honum að fylgja þessari kæru eftir fyrir mína hönd með framlagningu greinargerðar og annarra málgagna. Gísli hefur hér með umboð til að koma fram fyrir mína hönd.

Áskilinn er réttur til að þar komi fram frekari kröfur, málavaxtalýsingar og málsástæður.

Virðingarfyllst,



Sveinbjörn Imsland.

Sendandi:
Sveinbjörn Imsland
Fiskhóll 11
780 Höfn Hornafirði
Sími 864 1111
Netfang sí@itv.is